

FRÁSÖGN

af fjarfundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins 19. janúar 2023.

Af hálfu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sóttu fundinn Steinunn Þóra Árnadóttir, formaður, og Auður Örlygsdóttir, sérfræðingur í alþjóðamálum. Aðrir fundarmenn voru Jenis af Rana, fyrsti varaformaður Vestnorræna ráðsins og formaður landsdeildar Færeyja, Hans Petar Poulsen, meðlimur í grænlenku landsdeildinni, sem tók sæti Kim Kielsen á fundinum, annars varaformanns Vestnorræna ráðsins, Poula Árnadóttir Lervig, ritari færeysku landsdeildarinnar, Atli Arnfinnsson Thomassen, ritari grænlenku landsdeildarinnar, og Lárus Valgarðsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins.

Meginefni fundarins var undirbúningur fyrir þemaráðstefnu, innri fund og fund forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum 6.–9. febrúar. Forsætisnefndin samþykkti dagskrá og fjárhagsáætlun þemaráðstefnunnar auk þess sem hún ræddi lista yfir þátttakendur. Nefndin samþykkti tillögu að álitum til samþykktar á innri fundi Vestnorræna ráðsins 8. febrúar þar sem Vestnorræna ráðið lýsti yfir ánægju sinni með Norður-Atlantshafsbekkin (NGK). Þá var fjallað um fjárhagsreglur í tengslum við fundi Vestnorræna ráðsins. Ákveðið var að bjóða leiðtoga Orkneyjaráðs á 39. ársfund Vestnorræna ráðsins sem haldinn verður í Reykjavík í ágúst 2023.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu www.vestnordisk.is.